



Sjálfsmatsskýrsla 2008 – 2009

Grunnskólinn í Borgarnesi



Efnisyfirlit

I.	Inngangur	2
II.	Skólinn	3
	a. Einkenni stofnunar	
	b. Staða skólans í samfélaginu	
	c. Hlutverk skólans og meginmarkmið	
III.	Matið	5
	a. Forsendur sjálfsmats	
	b. Matstæki	
	c. Matshópur	
	d. Framkvæmd matsins	
IV.	Kannanir	7
	a. Nemendakönnun	
	b. Starfsmannakönnun	
	c. Forelðrakönnun	
	d. Eineltiskönnun	
	e. Nemendur á „Brúnni“ – könnun	
	f. Niðurstöður samræmdra prófa	
	g. Forelðraviðtöl	
	h. Starfsmannaviðtöl	
V.	Samantekt	12
VI.	Leiðir til úrbóta	13
VII.	Verkefni 2009 – 2010	15
VIII.	Fylgiskjöl	16

1 – Inngangur

Þessi sjálfsmatsskýrsla sem nú lítur dagsins ljós er sú fjórða sem unnin er eingöngu af starfsfólki skólans. Skólaárið 1993 - '94 var skólinn fyrsti grunnskóli landsins sem tekinn var út af Rannsóknarstofnu Kennaraháskóla Íslands og kom beiðnin um að meta starfið frá starfsfólki skólans. Ingvar Sigurgeirsson stýrði verkinu og niðurstöður þess mats er hægt að nálgast á vefsíðu skólans og er áhugaverð heimild um skólastarfið á þeim tíma.

Tilgangurinn með sjálfsmati skóla er fyrst og fremst umbótamiðað, þ.e. greina stöðuna, vinna áætlun og hrinda áætlunin í framkvæmd. Starfsfólk skólans hefur í tvígang verið virkir þátttakendur í slíku ferli og má segja að í bæði skiptin hefur starfsfólk unnið þess verk af mikilli vandvirkni.

Haustið 2008 var samin aðgerðaáætlun sem tók mið af niðurstöðum sjálfmatsins. Þau atriði sem ákveðið var að vinna í betur voru eftirfarandi:

- Vanda betur utanumhald um einstaklinga
- Halda áherslum skólans betur á lofti. Gera markmið sýnilegri
- Aðlaga skólareglur og viðurlög við agabrotum Uppbyggingastefnunni
- Standa fyrir fundum fyrir foreldra og gangaverði

Okkur hefur miðað nokkuð áfram með þau atriði sem sett voru á dagskrá en einhverjum af þessum atriðum verður aldrei lokið en þau eru komin í farveg. Innleiðing á Uppbyggingarstefnunni gengur hægar fyrir sig en ráð var fyrir gert og eru þættir undir þeim lið sem við verðum að vinna næsta skólaár og verður teymi starfandi á næstkomandi skólaári vegna þessa, skipað 6 starfsmönnum.

2. – Skólinn

2.1 Einkenni stofnunar

Skólahverfi Grunnskólans í Borgarnesi samanstendur af þéttbýli og dreifbýli. Skólinn er einsetinn og heildstæður grunnskóli. Þetta skólaár stunda 301 nemandi nám við skólann í 16 umsjónarhópum. Húsnæði skólans er byggt í fimm áföngum sem uppfylla misjafnlega þær kröfur sem gerðar eru til skólahúsnæðis. Hver bekkjardeild hefur sína heimastofu, list- og verkgreinar hafa allar sína sérstöku aðstöðu og tölvuver með 16 tölum.

Íþróttakennsla fer fram í Íþróttamiðstöðinni sem og sundkennsla. Félagsmálum eldri nemenda er sinnt að langmestu leyti af Félagsmiðstöðinni Óðali sem rekin er í umsjón íþróttá – og æskulýðsfulltrúa.

Stöðugildi við stjórnun eru fjögur sem 5 stjórnendur sinna. Skólastjóri í 100% stjórnunarstarfi, aðstoðarskólastjóri í 90% og 3 deildarstjórar í 70% starfi hver, þar af einn sem sér um Tómskundaskólann. Stjórnendur skólans mynda skólstjórn sem er skólastjóra til ráðuneytis um starfsemi skólans. Auk þessa eru 2 stýrihópar starfandi, annar um Grænfánaverkefnið og hinn í Uppbyggingarstefnunni. Ennfremur tekur skólinn virkan þátt í samstarfsverkefni grunnskólanna, Borgarbyggðar, Menntamálaráðuneytisins og Menntaskóla Borgarfjarðar sem nefnt er Borgarfjarðarbrúin og hefur það sem eitt af aðalmarkmiðum að skapa samfellu milli grunn- og menntaskóla.

Við skólann starfar 43 kennarar og stjórnendur í 37 stöðugildum. 33 grunnskólakennarar og 10 leiðbeinendur. Starfsfólk í öðrum störfum er eftirfarandi: Þroskaþjálfari í 100% starfi, skólaritari í 100% starfi, starfsmaður á bókasafni í 80% starfi, umsjónarmaður tölvumála í 50% starfi, matráður í 90% starfi, gangaverðir er annast þrif og gæslu í frímínútum í 4,3 stöðugildum, starfsmenn tómskundaskólans eru í 4 stöðugildum og 8 stuðningsfulltrúar í 5 stöðugildum. Stöðugildi við önnur störf en kennslu og stjórnun eru því 17,5.

2.2 Staða skólans í samfélaginu

Skólinn er í góðu samstarfi við stofnanir, fyrirtæki og félagssamtök í samfélaginu og nýtur hann velvilja þegar hann leitar eftir samvinnu. Í því sambandi má geta náms- og starfsfræðslu, samstarf við félagasamtök og stofnanir í héraðinu. Fyrrverandi nemendur hafa sýnt skólanum ræktarsemi og hlýhug. Húsnæði skólans er nýtt til ýmissa hluta, t.d.

námskeiða-, samkomuhalds, ýmis konar æfinga og gistingar. Samstarf foreldra og skólans er oftast að frumkvæði skólans og hefur helst dafnað í kringum ákveðna viðburði í skólalífinu. Foreldrafélag og foreldraráð eru starfandi við skólann. Skólinn er því lifandi þátttakandi í samfélaginu og meðlimir þess virðast líta á hann sem valkost til ýmissa hluta annarra en eingöngu að mennta börn á grunnskólaaldri.

2.3 Hlutverk skólans og meginmarkmið

Hlutverk skólans er samkvæmt Grunnskólalögum í samvinnu við heimilin, er að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelltri þróun. Starfshættir skólans skulu því mótast af umburðarlyndi, kristilegu siðgæði og lýðræðislegu samstarfi. Skólinn skal temja nemendum víðsýni og efla skilning þeirra á kjörum fólks og umhverfi, á íslensku þjóðfélagi, sögu þess og sérkennum og á skyldum einstaklingsins við samfélagið.

Í skólanámskrá birtist megin stefna skólans eða sýn, þar sem fram kemur að starfsfólk Gunnskólans í Borgarnesi leggur áherslu á í öllu sínu starfi með nemendum að efla þá sem einstaklinga, gera þá hæfa til að vinna með öðrum til að taka þátt í lýðræðisþjóðfélagi sem stöðugt er að taka breytingum. Við leggjum jafna áherslu á siðvit, verkvit og bókvit nemenda. Við viljum sjá ábyrga einstaklinga, sem bera virðingu jafnt fyrir sjálfum sér og umhverfi sínu, sem láta sér annt hver um annan, geta unnið með öðrum, hafa dug til að standast þrýsting neikvæðra áhrifa og bera virðingu fyrir mismunandi sjónarmiðum og einstaklingsmun.

3. - Matið

3.1 Forsendur sjálfsmats

36. grein grunnskólalaga nr. 91/2008 tekur á innra mati (sjálfsmati) og er þannig:

“Hver grunnskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.

Grunnskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.”

Sjálfsmat skóla skal vera altækt þ.e.a.s. að á einhverju stigi skal matið taka til allra þátta skólastarfsins. Það skal einnig vera formlegt og áreiðanlegt, þ.e.a.s. byggt á traustum upplýsingum og mælingum. Sjálfsmatið skal einnig miða að umbótum í skólastarfinu. Þessi viðmið o.fl. er að finna í bæklingi Menntamálaráðuneytisins „Sjálfsmat skóla“ frá 1997. Auk þessara ákvæða í lögum kemur til vilji starfsfólks skólans að gera skólastarfið og umbætur á því markvissara. Í skólanámskrá eru skilgreind markmið og áherslur skólans með starfinu og í raun allir þeir þættir sem sjálfsmat skóla skal taka til. Skólanámskráin er leiðarljós og grundvallargagn í matsstarfinu og endurskoðun hennar hluti þess.

3.2 Matstæki

Í fyrsta skipti í ár er könnunarkerfi fyrirtækisins Outcome notað við sjálfsmat skólans. Það inniheldur kannanir sem lagðar eru fyrir nemendur, foreldra og starfsfólk skólans í febrúar í vetur. Þessar kannanir eru gerðar á vegum Samtaka ísl. sveitarfélaga og eru þáttur í verkefni sem ber heitið Skólavogin og er tilgangurinn að safna saman upplýsingum um skólahald í mörgum sveitarfélögum.

Niðurstöður annarra kannana sem lagðar voru fyrir á skólaárinu eru jafnframt kynntar.

3.3 Matshópur

Skólastjórn skólans skipar sjálfsmatshóp í skólans. Í honum eiga sæti Hilmar Már Arason aðstoðarskólastjóri, sem er formaður hópsins, Kristján Þ. Gíslason skólastjóri og deildarstjórnir Ragnhildur Kristín Einarsdóttir og Sóley Björk Sigurþórsdóttir. Hlutverk

hópsins er m.a. að stýra matsvinnunni, gera framkvæmdaáætlun og vinna úr upplýsingum, þ.e. að sjá um alla úrvinnslu og skýrslugerð.

3.4 Framkvæmd matsins

Eftir áramót 2009 voru kannanir lagðar fyrir í skólasamfélaginu. Allir starfsmenn skólans og nemendur í 4. og 7. - 10. bekk svöruðu spurningalista Outcome/Skólavoginni á vordögum. Foreldrakönnun Outcome/Skólavogin var lögð fyrir forráðamenn nemenda í 4. og 7. - 10. bekk í febrúar 2009.

Eineltiskönnun var lögð fyrir í febrúar 2009 og könnun var lögð fyrir þá nemendur sem eru á „Brúnni,“ í maí 2009. Þá eru samræmd próf sem lögð voru fyrir 4. og 7. bekk haust 2008, einnig lögð til grundvallar sjálfsmati.

4. – Kannanir

4.1 Nemendakönnun

Könnunin var lögð fyrir í 4. og 7 – 10. bekk í apríl 2009 og tóku 130 nemendur þátt í henni, 65 stúlkur og 65 drengir. Í henni kemur m.a. fram að 64% nemenda 4. og 7. - 10. bekkjar, er ánægður með skólann sinn en í fyrra svöruðu 53% nemenda spurningunni á sama hátt. Um 70% segja skólann mjög mikilvægan eða mikilvægan fyrir sig. Athygli vekur að einungis 33% nemenda segist fá oft eða alltaf námsefni sem virkilega reyna á þá svarar tæplega helmingur svarar þessari spurningu með „stundum.“ Um 20% nemenda segja kennara sína mæta stundum, sjaldan eða aldrei á réttum tíma í kennslustundir. Rúmlega 8% nemenda segjast oft truflast af öðrum nemendum í kennslustundum. Tölvunotkun í skólanum virðst eiga undir högg að sækja því að aðeins 9,5% nemenda segist oft eða alltaf nota tölvur í skólanum en í árið 2008 svöruðu 24% nemenda þessari spurningu á sama veg.

Úrbætur

- Nemendur fái verkefni við hæfi sem reyna á þá
- Kennara mæti á réttum tíma í kennslustundir
- Auka upplýsingatækni í skólanum og að nemendur noti tölvur almennara við námið.

4.2 Starfsmannakönnun

Starfsmannakönnun var gerð á vordögum 2009. 78% starfsfólks ber jákvæðar tilfinningar til skólans en aðeins tæp 2% að mjög litlu leyti og um 60% er ánægt með vinnuaðstöðuna. Tæplega 80% telur sig fá nægar áskoranir í starfinu. Aðeins um 20% er starfsfólks er ánægt með stuðning sveitarfélags við skólastarfið en aftur á móti eru rúmlega 60% ánægð með sálfræði og sérfræðipjónustuna. 63% starfsmanna segja vel komið til móts við ólíkar þarfir nemenda og 74% starfsmanna ánægður með skipulag sérkennslunnar.

Tæplega 90% starfsmanna segja samskipti sín við vinnufélagana vera góð og 83% segjast eiga góða samskipti við yfirmenn sína en einungis 40% telja sig fá nægar upplýsingar um til hvers er ætlast af þeim í starfi.

Tæplega 30% starfsmanna segja illa tekið á agamálum í skólanum og 15% segja illa tekið á eineltismálum sem upp koma. 57% starfsmanna segja kennsluhætti fjölbreytta í skólanum og 47% segja námsmatið einnig vera fjölbreytt. Rúmlega 80% starfsmanna er stoltur af vinnustaðnum sínum.

Úrbætur

- Verklýsingar þurfa að vera skýrar
- Fylgja þarf agamálum skýrar eftir
- Efla fjölbreytta kennsluhætti
- Endurskoða námsmatið (er í skoðun)

4.3 Foreldrakönnun

Foreldrar svöruðu könnuninni í febrúar 2009. Svarhlutfall var tæplega 40%. 73% foreldra eru ánægð með skólann. Þar kemur m.a fram að 72% foreldra eru mjög eða frekar ánægðir með hvernig komið er til móts við námslegar þarfir barna þeirra og rúmlega helmingur foreldra segir barn sitt vera nokkuð eða mjög áhugasamt við námið. Rúmlega 80 % foreldra eru ánægð með samskipti við umsjónarkennara.

Þegar spurt er um möguleika foreldra á að hafa áhrif á skólastarfið segja um 30% foreldra vera ánægð með það en ennfremur segir í greinargerð með svari frá foreldrum að hvatningu vanti frá skóla til foreldrasamstarfs og samskipta. Sama hlutfall eða um 30% foreldra segir skólann samt sem áður hvetja sig til að heimsækja skólann. Þá eru tæplega 80% ánægð með samskipti og samvinnu við umsjónarkennara barnsins. Í skriflegum svörum foreldra með könnun segir m.a. að:

- Eftirfylgni í aga- og eineltismálum ábótavant – ómarkvissar aðgerðir og taki of langan tíma
- Samstaða starfsfólks við úrlausn mála sé ábótavant
- Mötuneyti skólans þarf að bæta– á að vera í skólanum
- Meiri og markvissari stefna um einstaklingsmiðað nám

- Markvissa vinnu og góðan undirbúning fyrir forfallakennara þegar leysa þarf kennara af
- Allir kennarar eiga að vita um greiningar barna

Úrbætur

- Aukin þátttaka foreldra í skólastarfi – frumkvæði frá skóla
- Bæta utanumhald og ferli í agamálum - allir samtaka
- Skoða mötuneytismál
- Efla sjálfstæði og frumkvæði hjá nemendum með því að vinna meira einstaklingsbundið og á forsendum hvers nemanda
- Umsjónarkennari kynni öllum kennurum barns og þeim sem málið varðar, greiningar sem barn kann að hafa

5.1 Eineltiskönnun – feb. 2009

Eineltiskönnun var lögð fyrir 4. – 10. bekk í febrúar 2009. Þar kemur fram kemur að 96% nemenda segja sér líða vel eða hvorki vel né illa í skólanum. 65% nemenda veit af einhverjum í sínum bekk sem lagður er í einelti og 17% prósent nemenda segja sig lagða í einelti, tvisvar til þrisvar í mánuði eða oftar. Hlutfall milli kynja er nokkuð jafnt. Þegar spurt er um hvernig lagt sé í einelti kemur hins vegar fram munur á kynjum. Drengir segja sér hótað, strítt, útskúfað, þeir lamdir eða bornar út kjaftasögur um þá og stúlkur nefna allt þetta en að auki nefna þær Netið, GSM, uppruna, skemmtarverk á hlutum og kynferðislega áreitni. Þegar spurt er um hvar einelti eigi sér stað er nokkur munur á nemendum á miðstigi og í eldri deild. Einelti á miðstigi fer langmest fram á skólalóð, í skólastofu þegar enginn fullorðinn er til staðar, í búningsklefum íþróttahúss, í matsal. Eldri nemendur nefna þetta allt en hæst skora gangarnir, skólalóð og stofur þegar enginn fullorðinn er til staðar. Í framhaldi af könnun var farið í markvissa kynningu á niðurstöðum og leiða leitað til að girða fyrir einelti.

Úrbætur:

- Vinna eftir Uppbyggingarstefnunni
- Setja eineltismál á dagskrá strax í haust.
- Hafa eineltiskönnun fyrir á skólaárinu – t.d. í nóvember, svo hægt sé að vinna með niðurstöðurnar í lengri tíma

- Halda reglulega bekkjarfundum í öllum bekkjum þar sem fjallað er um einelti og aðgerðir til að koma í veg fyrir það
- Loka stofum í eldri deild í frímínútum
- Efla gæslu og eftirlit á göngum eldri deildar
- Efla gæslu á skólalóð – skipta gæslufólki á svæði
- Efla gæslu í búningsklefum
- Setja gæslu í skólabíl, seinni part dags

5.2 Könnun á líðan og viðhorfi nemenda á „Brúnni.“

Sjö grunnskólanemendur stunduðu nám á báðum skólastigum luku þeir frá þremur til fjórtán einingum hver frá Menntaskólanum. Í þessari könnun tóku einnig þátt átta aðrir nemendur úr hinum grunnskólaum Borgarfjarðar. Einn nemandi í 9. bekk lauk stúdentsprófi í ensku. Nemendur stunduðu nám í ensku, stærðfræði, dönsku og í náttúrufræði.

Í maí var lögð könnun fyrir nemendur til að hægt væri að átta sig betur á því hvernig nemendur sem staddir eru á báðum skólastigum upplifðu námið. Ellefu nemendur svöruðu könnuninni. Spurt var m.a. um það hvernig gengi að vera á tveimur skólastigum, líðan í MB, hvort kvíða hefði gætt fyrir því fara í MB, hvernig hefði gengið með heimanám, hvort nemendur hefðu getað sótt kennslustundir í MB, hvernig skólarnir gætu stutt betur við nemendur, hvað væri hægt að gera til að auðvelda nemendum að hefja nám í MB og hvað hafi reynst erfiðast.

Niðurstöðurnar sýndu að nemendur töldu það mjög eða frekar auðvelt að hefja nám í MB og líðan þeirra þar mjög góð. Þeim gekk mjög vel eða vel í náminu og sama var með heimanámið. Tíu töldu það mjög eða frekar nauðsynlegt að geta sótt tíma í Mb og öll töldu þau það rétt að bjóða nemendum upp á þann möguleika að hefja framhaldsnám áður en grunnskóla lyki með þeim útskýringum að þau gætu flýtt fyrir sér, fengju námefti við hæfi og góðan undirbúning. Svörun við spurningunni, hvað hefur reynst þér erfiðast við að vera í námi í MB, var að lítið aðhald væri, námsáætlun ekki nógu skýr, erfitt að geta ekki mætt í tíma, tímar rækjust á og þau misstu kennslustundir í grunnskólanum. Við spurningunum hvað grunnskólinn annars vegar og MB hins vegar gætu gert til að auðvelda nemendum að hefja nám í MB töldu nemendur að betur mætti samræma

stundaskrár milli skólastiga, betri samskipti gætu verið á milli skóla, meiri hvatning frá skólunum og skólarnir gætu útskýrt fyrr og betur að þessi námsleið stæði þeim til boða. Þá töldu nemendur að MB styddi þau vel í náminu en grunnskólarnir stæðu sig síður hvað þetta varðar. Þegar spurt var um aðgang nemenda að tölvum og öðrum hjálpartækjum í grunnskólanum og MB reyndist helmingur nemenda telja því ábótavant í grunnskólunum en allir nema einn töldu sig hafa haft greiðan aðgang að þeim búnaði sem þeir þurftu í MB.

Úrbætur

- Reyna að samræma stundatöflur skólastiganna
- Efla stuðning í grunnskólanum við nemendurna á Brúnni
- Auðvelda aðgang að tölvum og öðrum hjálpartækjum sem til þarf við námið

5.3 Árangur á samræmdum prófum í 4. og 7. bekk

Samræmd könnunarpróf í íslensku og stærðfræði voru haldin í október 2008 fyrir nemendur í 4. og 7. bekk. Til stóð að halda samræmd könnunarpróf fyrir nemendur í 10. bekk í maí 2009 en ráðuneytið féll frá þeim álætlunum. Því er ekkert um árangur þeirra hér að finna. Hér verða birtar meðaleinkunnir árganganna á skalanum 0-10 ásamt upplýsingum um meðaltal Vesturlands og landsins alls.

4. bekkur	Íslenska	Stærðfræði	7. bekkur	Íslenska	Stærðfræði
Borgarnes	5,78	5,71	Borgarnes	7,66	6,73
Vesturland	6,2	6,7	Vesturland	6,9	6,0
Landið allt	6,4	6,8	Landið allt	7,1	6,5

Eins og hér kemur fram er árangur nem. í 7. bekk töluvert betri en jafnaldra á landsvísu en árangur nemenda í 4. bekk allnokkru lakari.

Foreldraviðtöl

Foreldrar og umsjónarkennarar hittast að minnsta kosti tvisvar á skólaárinu til að ræða skólagöngu nemenda. Í þessum viðtölum eru frammistöðumarkmið sem skólinn hefur skilgreint (sjá skólanámskrá) höfð til grundavallar. Markmið þessara viðtala er að hlusta á raddir foreldra, upplýsa þá um gengi og stöðu barns þeirra. Niðurstöður viðtalanna eru trúnaðarmál og farið með þær sem slíkar.

5.4 Starfsmannasamtöl

Starfsmannasamtöl fara fram einu sinni að vetri. Þau eru trúnaðarmál skólstjóra og starfsmanna og eru um allt sem snertir starfið en höfuðmarkmið þess er **umbætur**. Í því er ekki eingöngu litið til baka heldur einnig fram á veginn. Í starfsmannasamtali eru ekki dómur felldir, það snýst ekki um laun starfsmannsins og eru ekki einhliða frammistöðumat.

Niðurstöður þeirra eru færðar og farið með sem trúnaðarmál. Í lok hvers samtals gera starfsmaður og skólastjóri með sér samkomulag um aðgerðir sem snúa m.a. að markmiðum, verkefnum, fræðslu, starfs- og ábyrgðasviðs hvers og eins.

5 - Samantekt

Í þessari skýrslu er búið að taka saman nokkrar af þeim niðurstöðum sem ýmsar kannanir sem við höfum gert hafa leitt í ljós. Af þeim niðurstöðum ætlum við að draga lærdóm og byggjum okkar úrbótaáætlun á þeim að miklu leyti. Enda eru kannanir gerðar til þess að draga fram upplýsingar um eitt og annað í umhverfinu, bæði sem vel er gert og svo ekki síður það sem miður fer og betur má fara.

6 — Leiðir til úrbóta

Nemendakönnun

- Nemendur fái verkefni við hæfi sem reyna á þá
- Kennara mæti á réttum tíma í kennslustundir
- Auka upplýsingatækni í skólanum og að nemendur noti tölvur almennara við námið.

Foreldrakönnun

- Aukin þátttaka foreldra í skólastarfi – frumkvæði frá skóla
- Bæta utanumhald og ferli í agamálum - allir samtaka
- Skoða mötuneytismál – á að vera í skólanum/fjölbreyttur matseðill
- Efla sjálfstæði og frumkvæði hjá nemendum með því að vinna meira einstaklingsbundið og á forsendum hvers nemanda
- Umsjónarkennari kynni öllum kennurum barns og þeim sem málið varðar, greiningar sem barn kann að hafa.

Starfsmannakönnun

- Verklýsingar þurfa að vera skýrar
- Fylgja þarf agamálum skýrar eftir – vinna samkvæmt Uppbyggingarstefnunni
- Efla fjölbreytta kennsluhætti
- Endurskoða námsmatið (er í skoðun)

Eineltiskönnun

- Vinna eftir Uppbyggingarstefnunni
- Setja eineltismál á dagskrá strax í haust.
- Hafa eineltiskönnun fyrir á skólaárinu – t.d. í nóvember, svo hægt sé að vinna með niðurstöðurnar í lengri tíma
- Halda reglulega bekkjarfundi í öllum bekkjum þar sem fjallað er um einelti og aðgerðir til að koma í veg fyrir það
- Loka stofum í eldri deild í frímínútum
- Efla gæslu og eftirlit á göngum eldri deildar

Sjálfsmatsskýrsla 2008-2009

- Efla gæslu á skólalóð – skipta gæslufólki á svæði
- Efla gæslu í búningsklefum
- Setja gæslu í skólabíl, seinni part dags

Nemendur á Brúnni

- Reyna að samræma stundatöflur skólastiganna
- Efla stuðning í grunnskólanum við nemendurna á Brúnni
- Auðvelda aðgang að tölvum og öðrum hjálpartækjum sem til þarf við námið

7 – Verkefni 2009 - 2010

Sjálfsmat skóla er til þess ætlað að stuðla að umbótum. Starfsmenn leggja mat á þær tillögur til umbóta sem fram koma í skýrslunni og flokka þær í forgangsörð. Á grundvelli þess verður sett fram umbótaáætlun sem unnið verður eftir á skólaárinu 2009 - 2010. Á skólaárinu munum við setja okkur nýja sjálfsmatsáætlun til fjöggra ára og vinna eftir henni.

Mörg brýn verkefni bíða okkar á komandi skólaári.

- Setja verður Uppbyggingarstefnuna í öndvegi. Innleiðing hennar hefur tekið langan tíma og er stefnan tekin á það að skólinn geti með stolti auglýst sig sem Uppbyggingarskóli, skóli sem byggir upp og horfir til framtíðar. Tveir starfsmenn skólans hafa aflað sér réttinda til að kenna námsefni er ætlað er foreldrum um uppbyggingarstefnuna.
- Námsmat og námsmatsaðferðir verða þróaðar frekar og horft til möguleika upplýsingakerfisins Mentor í því skyni.
- Ennfremur verður unnið að innleiðingu og uppbyggingu fjölbreyttari kennsluhátta í samræmi við markmið verkefnisins Borgarbjarðarbrúin. Læsisverkefnið sem unnið hefur verið að í tvö ár verður framhaldið og ennfremur verður lögð sérstök áhersla á læsi í eldri deild skólans en það hefur sýnt sig að of margir nemendur skólans eru ekki að lesa nóg til að viðhalda lestrarfærni sinni.
- Áfram verður haldið á braut Grænfánaverkefnisins og stefnan tekin á það að fá fánann í þriðja sinn vorið 2010.

Fylgiskjöl:

1. Nemendakönnun
2. Foreldrakönnun
3. Starfsmannakönnun
4. Eineltiskönnun – Samantekt/glærुकynning